

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Brynju Hlíðar“, 83
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júní 1949. 9. júní
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Brynju Hlíðar, lyfjafræðings og félagsforingja kvenskátá-
 félagsins Valkyrjan, Akureyri, er fórst í flugslysi 29. maí 1947.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Brynju Hlíðar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 24225.23 — tuttugu og fjögur þúsund tvö hundruð tuttugu og fimm krónur 23/100 —, sem eru minningargjafir og tekjur af bazar og kaffisölu kvenskátáfélagsins Valkyrjan, Akureyri, og skal stjórn hans skipuð þremur konum, félagsforingja og tveim öðrum, sem kosnar eru af foringjaráði kvenskátáfélagsins Valkyrjan. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Reikningur sjóðsins skal birtur árlega í „Skátablaðinu“.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands, eða annarri tryggri peningastofnun.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheimtum þeirra, er vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans. Hann gefur út minningarspjöld og geta þeir, sem óska að minnast láttinna vana og vandamanna, fengið slík spjöld keypt, og greitt fyrir það gjald, er þeim sjálfum lízt. Einnig falla til hans tekjur af fjáröflun félagsins.

5. gr.

Sjóðnum skal varið til byggingar félagsheimilis kvenskátáfélagsins Valkyrjan, Akureyri. Má þó aldrei taka meira úr sjóðnum en svo, að 5000 kr. séu eftir. Þegar lokið er greiðslum við byggingu félagsheimilisins, skal ávaxta sjóðinn óskertan þangað til hann nemur 30 þúsund krónum. Má þá verja vöxtum höfuðstólsins til viðhalds og reksturs félagsheimilisins.

6. gr.

Komi sú tíð, að ekki sé þörf allra vaxtanna til viðhalds og reksturs félagsheimilisins, má verja þeim til eflingar skátastarfs innan félagsins.

7. gr.

Fari svo, að kvenskátáfélagið Valkyrjan hætti störfum, ber Bandalagi íslenzkra skáta að varðveita sjóðinn óskertan þangað til:

1. að félagið yrði endurreist;

2. að annað kvenskátáfélag yrði stofnað á Akureyri með sama nafni.

Líði svo 5 ár, að ekkert kvenskátáfélag sé starfandi á Akureyri, er Bandalagi íslenzkra skáta heimilt að verja vöxtum sjóðsins í þágu skátamála, þangað til kvenskátáfélag rís upp á Akureyri.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 9. nóvember 1948.

Margrét Hallgrímsdóttir, félagsforingi.